Kópavogsbær
Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Kópavogi, 21. ágúst 2026
2302367/205.01 SK

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Söfnunarsjóður fyrir útilistaverk í Kópavogi

Yfirlit yfir umfjöllun lista- og menningarráðs og síðar menningar- og mannlífsnefndar

Aðdragandi

Í fundargerð lista- og menningarráðs frá 15. desember 2022 kemur fram að samþykkt hafi verið að leggja til hliðar stofnfé vegna framtíðar útilistaverks fyrir bæjarfélagið.

27. febrúar 2023 - Lista- og menningarráð
Mál 2302367 – Söfnunarsjóður fyrir útilistaverk
Lista- og menningarráð tók formlega fyrir tillögu um stofnun söfnunarsjóðs til kaupa eða gerðar nýs útilistaverks í Kópavogi. Í bókun ráðsins kemur fram að árið 2022 hafi verið lagðar til hliðar 3 milljónir króna sem stofnfé fyrir verkefnið og að ætlunin væri að gera hið sama árið 2023. Þar sem ekki væri unnt að flytja fjárheimildir milli ára lagði ráðið til að stofnaður yrði sérstakur söfnunarsjóður í fjárfestingaráætlun bæjarins. Jafnframt var óskað eftir því að fjárheimildum yrði safnað saman yfir fleiri ár til að skapa raunhæfan fjárhagslegan grundvöll fyrir umfangsmeira útilistaverk.

2023–2024
Á þessu tímabili var áfram unnið að uppbyggingu sjóðsins. Markmiðið var að skapa fjárhagslegt svigrúm til að ráðast í eitt stærra og vandað útilistaverk fremur en að nýta fjármunina í smærri verkefni. Þetta kemur fram í þeirri stefnu sem síðar var lögð fram af ráðgjafanefnd Gerðarsafns.

2. apríl 2025 - Menningar- og mannlífsnefnd
Mál 2302367 – Söfnunarsjóður fyrir útilistaverk
Eftir breytingar á nefndakerfi bæjarins var málið tekið fyrir hjá Menningar- og mannlífsnefnd. Nefndinni var kynnt tillaga ráðgjafanefndar Gerðarsafns um hvernig staðið skyldi að gerð eða kaupum á nýju útilistaverki fyrir Kópavog. Málinu var frestað til frekari skoðunar.

9. apríl 2025 - Menningar- og mannlífsnefnd
Tillaga ráðgjafanefndar Gerðarsafns var tekin fyrir að nýju og samþykkt af nefndinni. Tillagan fól meðal annars í sér að horft yrði til gerðar nýs, staðbundins útilistaverks fyrir Kópavog þegar sjóðurinn hefði náð nægilegri stærð til að verkefnið gæti orðið faglega og fjárhagslega raunhæft.

Meginefni tillögu ráðgjafanefndar Gerðarsafns
Ráðgjafanefnd Gerðarsafns lagði til:

- að ráðist yrði í nýtt útilistaverk þegar sjóðurinn næði um 15 milljónum króna,
- að um yrði að ræða staðbundið verk sem hannað væri sérstaklega fyrir valinn stað í Kópavogi,
- að leitað yrði eftir tillögum frá þremur völdum listamönnum,
- að faglegt mat og tillaga að endanlegu vali yrði unnin í samráði við ráðgjafanefnd Gerðarsafns og síðan lögð fyrir nefndina til samþykktar.

4. febrúar 2026 - Menningar- og mannlífsnefnd
Nefndin tók málið fyrir undir yfirskriftinni „Val á nýju útilistaverki í Kópavogi“. Niðurstaðan var að fela forstöðumanni menningarmála að vinna málið áfram í samræmi við hugmyndir ráðgjafanefndar Gerðarsafns og í samráði við umhverfissvið bæjarins og forstöðumann Gerðarsafns.
Jafnframt lagði nefndin sérstaka áherslu á:

- að við val á staðsetningu yrði horft til allra hverfa bæjarins,
- að tekið yrði mið af uppbyggingu nýrra hverfa,
- að áfram yrði unnið að því að tryggja list í almannarými sem hluta af þróun bæjarins.

Staða málsins í dag
Frá árinu 2022 hefur verið byggður upp sérstakur sjóður með það að markmiði að skapa fjárhagslegan grundvöll fyrir eitt metnaðarfullt útilistaverk fyrir Kópavog. Á tímabilinu hafa bæði Lista- og menningarráð og síðar Menningar- og mannlífsnefnd staðfest þá stefnu að byggja sjóðinn upp yfir lengra tímabil, fengið faglega ráðgjöf frá Gerðarsafni um framkvæmd verkefnisins og samþykkt að vinna áfram að undirbúningi verksins þegar nægilegum fjármunum hefur verið safnað.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Lokaorð:

Fyrir fundinum liggur tillaga forstöðumanns menningarmála og forstöðumanns Gerðarsafns þar sem lagt er til að áfram verði lagðar til hliðar 3 m.kr. árlega í söfnunarsjóðinn á árunum 2027 og 2028. Verði sú tillaga samþykkt mun sjóðurinn nema um 21 m.kr. í lok árs 2028 og skapa þannig enn sterkari fjárhagslegan grundvöll fyrir framkvæmd nýs útilistaverks í Kópavogi í samræmi við fyrri ákvarðanir nefndarinnar og faglegar ráðleggingar sérfræðinga.

Virðingarfyllst,

Soffía Karlsdóttir
Forstöðumaður menningamála

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026